



HRUNAMANNAHREPPUR

25. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 6. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 9. JÚNÍ 2016

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 9. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, fundargerð 112 fundar skipulagsnefndar frá 9. júní og beiðni um framhald rannsóknar í Skipholtskrók. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps: Sameining sveitarfélaga í Árnessýslu.
2. Yfirmaður íþróttamannvirkja.
3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2016.
4. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
5. Bókasafn Hrunamanna: Árskýrsla 2015.
6. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna breytingar á rekstrarleyfi að Ásgarði í Kerlingarfjöllum.
7. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstrarleyfi að Móadal 5, gististaður í flokki II.
8. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsókn um nýtt rekstrarleyfi að Holtabyggð 110, gististaður í flokki II.
9. Umhverfisstofnun: Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga
10. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um tækisfæriseyfi, tímabundið áfengiseyfi frá Reiðhöllinni Flúðum.
11. Landgræðsla ríkisins 2015: Seyra til uppgræðslu á Hrunamannafrétti.
12. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur.
13. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breyt. á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.
14. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.
15. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um timbur og timburvörur.
16. Motus: Lykiltölur
17. Brunavarnir Árnessýslu: Lántaka.
18. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Lántaka vegna Fsu.
19. Póstdreifing í dreifbýli.
20. Hraðhleðslustöð á Flúðum.
21. Næsti fundur sveitarstjórnar.
22. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 3. maí s.l.
24. Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 26. maí s.l.
25. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 26 maí s.l.
26. Umhverfisnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 31. maí s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

27. Fundargerð 110. fundar skipulagsnefndar frá 12. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 28. apríl s.l.

Mál nr. 13: Holtabyggð: Syðra-Langholti, deiliskipulagsbreyting.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'UT 55', 'TJA', 'PV', and 'Rlu']

Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingafulltrúa
28. Fundargerð 111. fundar skipulagsnefndar frá 25. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 18. maí s.l.

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Önnur mál:

29. Oddvitaskipti.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 8. fundar Héraðsnefndar frá 27. apríl s.l.
- SASS: Fundargerð 508. fundar stjórnar frá 6. maí s.l.
- Brunavarnir Árneseýslu: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 25. maí s.l.
- Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 172. fundar stjórnar frá 25. maí s.l.

Kynningarmál:

- Hitaveita Grafhverfis ehf: Ársreikningur 2015.
- Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs. Leppistungur 166846: Umsókn um byggingarleyfi: Fjallaskáli – stækkun.
- Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 838. fundar stjórnar frá 29. apríl s.l.
- Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 839. fundar stjórnar frá 27. maí s.l.
- Skýrsla vegna orlofs húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu 2015.
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkynning um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2016.
- Yfirfasteignamatnefnd: Birtingaholt 1c
- Tónlistarskóli Árneseinga: Héraðsnefndarfundur 27. apríl 2016.
- Héraðsskjalasafn Árneseinga: Rafræn könnun á skjalavörslu og skjalahaldi stofnana.
- Ályktanir aðalfundar Foss stéttarfélags í almannapjónustu 2016.

Skýrslur á skrifstofu:

- Landskerfi bókasafna hf.: Ársreikningur 2015.
- Fræðslunet Suðurlands ses.: Ársreikningur 2015.
- Hótel Flúðir ehf.: Ársreikningur 2014.
- Byggðasafn Árneseinga: Ársskýrsla 2015.
- Háskólafélag Suðurlands ehf: Ársskýrsla 2015.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps: Sameining sveitarfélaga í Árneseýslu.

Oddviti kynnti bréf frá Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skipi tvo fulltrúa í nefnd sem skoða muni kosti og galla þess að sameina Árneseýslu í eitt sveitarfélag. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Halldóru Hjörleifsdóttur og Jón G. Valgeirsson sem fulltrúa Hrunamannahrepps í hópinn.

2. Yfirmaður íþróttamannvirkja.

Oddviti kynnti starfslýsingu fyrir yfirmann íþróttamannvirkja Hrunamannahrepps. Um er að ræða 15% stöðugildi og verður ráðið í stöðuna tímabundið í eitt ár. Sveitarstjórn samþykkir starfslýsinguna og felur sveitarstjóra að ráða í stöðuna tímabundið í eitt ár frá og með 1. ágúst. n.k.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2016.

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2016. Útgjöld vegna launakostnaðar hækka um kr. 1.600.000. Einnig er fjárfesting aukin um kr. 7.000.000 vegna framkvæmda við gatnagerð. Jafnframt hefur verið tekið tillit til rauntalna vegna ársreiknings 2015. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 30.233.000 í stað 31.833.000. Útgjaldaaukningu vegna fjárfestinga og til að styrkja handbært fé A-hluta sveitarsjóðs skal mætt með lántöku. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

4. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 29.000.000 kr. til 18 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'VE', 'SS', 'BL', and 'A4']

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdaáætlun 2016, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt: 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins Hrunamannahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

5. **Bókasafn Hrunamanna: Árskýrsla 2015.**
Oddviti kynnti ársskýrslu bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 930 og lánaðar voru út 2.216 bækur yfir árið sem er lítilsháttar fækkun. Að auki voru á skólatíma lánaðar út 440 bækur. Þá kom fram að forstöðumaður bókasafnsins óskar eftir að láta af störfum um mánaðarmótin ágúst/september nk. Sveitarstjórn þakkar Áslaugu fyrir góða skýrslu og afar góð störf í þágu sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra að auglýsa eftir nýjum forstöðumanni bókasafnsins.
6. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna breytt rekstrarleyfi að Ásgarði í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar frá Fannborg ehf um breytt rekstrarleyfi á gististað í flokki V að Ásgarði í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.
7. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstrarleyfi að Móadal 5, gististaður í flokki II.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi í sumarhúsi að Móadal 5 í flokki II. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.
8. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsókn um nýtt rekstrarleyfi að Holtabyggð 110, gististaður í flokki II.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna rekstrarleyfis nýs gististaðar í flokki II í sumarhúsi að Holtabyggð 110. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.
9. **Umhverfisstofnun: Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun þar sem endurskoðaður er samningur við sveitarfélög en 5% hækkun verður á endurgreiðsluhlutfalli hvers sveitarfélags fyrir árið 2016.
10. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um tækisfærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi frá Reiðhöllinni Flúðum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um tækisfærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi frá Reiðhöllinni á Flúðum þann 2. júlí nk. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
11. **Landgræðsla ríkisins 2015: Seyra til uppgræðslu á Hrunamannaafretti.**
Oddviti kynnti úttekt frá Landgræðslunni vegna tilraunaverkefnis á notkun seyru til uppgræðslu á Hrunamannaafretti á árunum 2012-2015. Sveitarstjórn fagnar því að þessi tilraun Hrunamannahrepps um notkun á seyru til landgræðslu hafi tekist svo vel sem raun ber vitni og þakkar Landgræðslunni fyrir greinargóða skýrslu og gott samstarf.
12. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgagns og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.
13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.
14. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla.

15. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um timbur og timburvörur.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um timbur og timburvörur.

16. Motus: Lykiltölur.

Oddviti kynnti yfirlit frá Motus um greiðsluhraða útsendra reikninga hjá sveitarfélaginu.

17. Brunavarnir Árnassýslu: Lántaka.

Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku Brunavarna Árnassýslu frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 74.000.000 kr. til 8 ára, í samræmi við leiðbeinandi lánakjör Lánasjóðs sveitarfélaga frá 26.5.2016 sem liggur fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu. Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á tankbifreiðum og slökkvistöð í Árnesi sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Hrunamannahreppurskuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykta Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

18. Héraðsnefnd Árnesinga bs: Lántaka vegna Fsú.

Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku Héraðsnefndar Árnassýslu frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Héraðsnefndar Árnesinga bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. til 18 ára, í samræmi við leiðbeinandi lánakjör Lánasjóðs sveitarfélaga frá 26.5.2016 sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Héraðsnefnd Árnesinga bs. Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Hrunamannahreppurskuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Héraðsnefndar Árnesinga bs. til að breyta ekki ákvæði samþykta Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Héraðsnefnd Árnesinga bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

19. Póstþjónusta í dreifbýli.

Oddviti fór yfir þá þjónustuskerðingu sem hefur átt sér stað þegar Íslandspóstur tók þá ákvörðun að fækka póstdreifingardögum í dreifbýli. Sveitarstjórn mótmælir þessari þjónustuskerðingu og telur að allir landsmenn eigi að sitja við sama borð varðandi þessa þjónustu. Sérstaklega er mótmælt því fyrirkomulagi póstdreifingar að hafa til skiptist tvo eða þrjá dreifingardaga eftir vikum. Að mati sveitarstjórnar skapar slíkt fyrirkomulag mikinn rugling og það er lágmarkskrafta að pósti verði dreift þrjá daga vikunnar allt árið.

[Handwritten notes in blue ink:]
UESS
H
B
R19

20. Hraðhleðslustöð á Flúðum.

Oddviti fór yfir þörfina fyrir hraðhleðslustöð á Flúðum fyrir rafmagnsbíla. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra/oddvita að ræða við þá aðila sem hafa verið að koma upp hraðhleðslustöðvum um að koma slíkri stöð upp á Flúðum og að taka verði tillit til þessara þátta við deiliskipulagsvinnu.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 30. júní nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

22. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofur Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 4. júlí til og með 22. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 3. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir svæðið við Hrunaréttir og skoðar möguleikar á breytingum. Rætt var um viðhald á girðingum og breytingu Bláskógabyggðar á réttardegi Tungnarétta. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

24. Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 26. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra. Leikskólastjóri kynnti skóladagatal 2016-2017 og farið var yfir starfsmannamál og rekstur skólans. Einnig voru tvær umsóknir um undanþágur frá vistunarreglum skólans samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

25. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 26. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra. Lögð voru fram drög að skóladagatali næsta skólaárs, farið yfir starfsmannamál, rekstur skólans og framkvæmd á skólastefnu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

26. Umhverfisnefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar frá 31. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar nefndarinnar. Farið var yfir tillögur að umhverfisverðlaunum Hrunamannahrepps 2016 og síðan var rætt um útbreiðslu kerfils í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

27. Fundargerð 110. fundar skipulagsnefndar frá 12. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 28. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 110. fundar skipulagsnefndar frá 12. maí s.l. Afgreiðsla einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 13: Holtabyggð: Syðra-Langholti, deiliskipulagsbreyting. Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Holtabyggðar úr landi Syðra-Langholti IV en tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga þann 25. febrúar s.l. með athugasemdafresti til 8. apríl s.l. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna óbreytta frá auglýstri tillögu og að veitt verði undanþága frá ákvæðum skipulagsreglugerðar þannig að byggingarreitur lóða nr. 501 og 501B fari nær Langholtsvegi en 100m.

Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. apríl s.l.

28. Fundargerð 111. fundar skipulagsnefndar frá 25. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 18. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 111. fundar skipulagsnefndar frá 18. maí s.l. Afgreiðsla einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 18. maí s.l.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'UE 55', 'TTT', 'BV', and 'RUM']

Önnur mál:

29. Fundargerð 112. fundar skipulagsnefndar frá 9. júní og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 1. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 112. fundar skipulagsnefndar frá 9. júní. Afgreiðsla einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 16: Jaðar; Aðalskipulagsbreyting.

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir því að aðalskipulagi Hrunamannahrepps verði breytt þannig að jörðin Jaðar verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði í stað óbyggðs svæðis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að landnotkun svæðisins verði breytt í samræmi við fyrirbyggjandi erindi og að aðalskipulagsbreytingin sé óveruleg skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. júní s.l.

30. Skipholtskrókur: Beiðni um framhald á rannsóknarleyfi.

Oddviti kynnti beiðni frá Þórarni Þórarinssyni um áframhaldandi leyfi til rannsókna í Skipholtskróki sumarið 2016 vegna leitar á hinum heilaga kaleik. Sveitarstjórn samþykkir erindið en óskar eftir því að skilað verði skýrslu til sveitarfélagsins um stöðu rannsóknarinnar.

31. Oddvitaskipti.

Ragnar Magnússon óskar eftir að láta af störfum sem oddviti og sveitarstjórnarmaður í Hrunamannahreppi vegna búferlaflutninga. Lögð var fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem oddvita sveitarstjórnar út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum en Bjarney sat hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Unnstein Loga Eggertsson sem varaoddvita út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum en Bjarney sat hjá. Þá tekur Kolbrún Haraldsdóttir sæti sem aðalmaður í sveitarstjórn. Sveitarstjórn þakkar Ragnari fyrir góð störf í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 8. fundar Héraðsnefndar frá 27. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 508. fundar stjórnar frá 6. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 25. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 172. fundar stjórnar frá 25. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. **Hitaveita Grafarhverfis ehf: Ársreikningur 2015.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. Leppistungur 166846: Umsókn um byggingarleyfi: Fjallaskáli – stækkun.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 838. fundar stjórnar frá 29. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 839. fundar stjórnar frá 27. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Skýrsla vegna orlofs húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu 2015.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Innanríkisráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Tilkyning um endanlega úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2016.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Yfirfasteignamatnefnd: Birtingaholt 1c** Lagt fram til kynningar.
- l. **Tónlistarskóli Árnesinga: Héraðsnefndarfundur 27. apríl 2016.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Rafræn könnun á skjalavörslu og skjalahaldi stofnana.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Ályktanir aðalfundar Foss stéttarfélags í almannaðjónustu 2016.** Lagt fram til kynningar.

Handwritten notes and signatures:
J
UE 55
TH
BV
Ray

Skýrslur á skrifstofu:

- o. Landskerfi bókasafna hf.: Ársreikningur 2015.** Lagt fram til kynningar.
- p. Fræðslunet Suðurlands ses.: Ársreikningur 2015.** Lagt fram til kynningar.
- q. Hótel Flúðir ehf.: Ársreikningur 2014.** Lagt fram til kynningar.
- r. Byggðasafn Árnesinga: Ársskýrsla 2015.** Lagt fram til kynningar.
- s. Háskólafélag Suðurlands: Ársskýrsla 2015.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.45.

Ragn Magnússon
Heildiráttgjafi Sigurður Sævarsson
H. E. E. E.
Bjarney Vignisdóttir
Jan S. E. E.